


ÁRSSKÝRSLA 2023





Skatturinn - Ársskýrsla 2023

Umsjón: Elín Ragnhildur Jónsdóttir.

Hönnun og umbrot: Logi Halldórsson.

Prófarkarlestur: Karl Óskar Magnússon og Linda Rut Benediktsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Snorri Olsen.

Efnisyfirlit

Aðfaraorð ríkisskattstjóra	4
Mannauður	6
Fjármál og rekstur	10
Þjónusta og upplýsingar	12
Tæknimál	14
Skatteftirlit og skattranssóknir	16
Álagning opinberra gjalda.....	20
Innheimta opinberra gjalda	26
Fyrirtækja- og ársreikningaskrá	29
Alþjóðlegt samstarf	35
Tollgæsla	37
Ársreikningur 2023	41

Aðfaraorð ríkisskattstjóra



Í sumarlok urðu þau tímamót að starfsemi Skattsins flutti í nýtt húsnæði að Katrínartúni 6, 9 hæða byggingu sem reist var sérstaklega fyrir starfsemi Skattsins. Auk Skattsins hefur Fjársýsla ríkisins eina hæð undir starfsemi sína og stofnanirnar deila mótuneyti og fundaraðstöðu á fyrstu hæð. Mikill ávinningur hefur verið af flutningum í nýju heimkynnin þar sem nú er búið að sameina undir eitt þak skattheimtu, tollgæslu, skattrannsóknir og –eftirlit, innheimtu og skráarhald með þeirri hagræðingu sem felst m.a. í því að auka nálægð stoðeininga við kjarnastarfsemina. Fjöldi starfsfólks var í lok árs 473 en um 300 þeirra eru nú staðsett í Katrínartúni 6. Í Reykjavík er Skatturinn

enn með tollgæslustarfsemi í Klettagörðum og á Stórhöfða en að auki eru starfsstöðvar á Akranesi, Akureyri, Egilsstöðum, Eskifirði, Hellu, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Seyðisfirði, Siglufirði og í Vestmannaeyjum.

Um vorið fór fram könnun á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins á þjónustu ríkisstofnana. Spurt var um heildaránægju, viðmót, hraða og áreiðanleika. Þá var spurt með hvaða hætti viðkomandi hefur nálgast þjónustuna og með hvaða hætti viðkomandi myndi helst kjósa að nálgast þjónustuna. Skemmst er frá því að segja að heildaránægja svarenda með þjónustu Skattsins hækkaði á milli ára, úr 3,8 stigum í 4,0 á kvarðanum 1-5. Vert er að geta þess að af þeim viðskiptavinum sem höfðu nýtt sér þjónustu Skattsins sögðust 54% svarenda hafa nýtt sér sjálfsafgreiðslulausnir og einnig kom fram að 67% þeirra kysu helst að afgreiða sig sjálfir. Þessi afstaða viðskiptavina er leiðarstef í þeirri sýn sem við höfum á þjónustu Skattsins til framtíðar, enda hefur komum á afgreiðslustaði Skattsins fækkað mikið á síðustu árum.

Stafvæðing þjónustu hins opinbera er ofarlega á baugi bæði hérlandis og hjá nágrannaríkjum okkar. Norræn skattyfirvöld standa frammi fyrir sameiginlegum áskorunum að þessu leyti og nálgast verkefnin að mörgu leiti á svipaðan hátt. Þann 20. apríl sl. var haldin í Malmö ráðstefna um stafvæðingu í skattframkvæmd á vettvangi Norðurlandasamstarfs skattyfirvalda, Nordic Agenda. Ríkisskattstjórar Norðurlandanna hittust þar

ásamt fleiri fulltrúum auk gestafyrirlesara frá háskólasamfélaginu, viðskiptalífínu og fleiri aðilum úr stjórnsýslunni. Rauði þráðurinn var mikilvægi þess að skattyfirvöld þrói og innleiði tæknilausnir sem hafi fjölþætt notagildi og leiði hvort tveggja til hagkvæmni í starfsemi þeirra og styðji við stafvæðingu í allri stjórnsýslunni og viðskiptalífínu almennt.

Gervigreind hefur sannað notagildi sitt í starfseminni. Vísbendingar eru um að aðferðir við álagningarskoðun virðisaukaskatts sem byggja á samstarfi við gagnavísindaeiningu Skattsins skili betri árangri en fyrri aðferð. Einfaldari vinnu er varpað yfir á kerfið og starfsmenn geta þannig einbeitt sér að flóknari málum þar sem hærri fjárhæðir eru undir. Dæmi sýnir að sjálfvirknivæðing með réttum áherslum leiðir ekki bara til hag-ræðingar í framkvæmd heldur einnig til betri árangurs.

Samfélagið er alltaf að taka breytingum og við erum sífellt að læra nýjar leiðir til þess að koma til móts við þá fjölbreyttu hópa sem þurfa á þjónustu okkar að halda. Í þessu samhengi er gaman að halda því til haga að leiðbeiningabæklingur um framtalsskil var nú útbúinn á tveimur nýjum tungumálum – arabísku og úkraínsku – til viðbótar við íslensku, ensku, pólsku, spænsku og litháísku.

Síðustu ár hefur verið unnið að því að koma í veg fyrir peningapvætti með því að skapa lagagrundvöll fyrir slit og skipti félaga sem ekki hafa skráð raunverulega eigendur sína. Þá var einnig nauðsynlegt að breyta kerfum Skattsins til þess að ferlið gengi sjálfkrafa fyrir sig. Þau tímamót urðu að í janúar var loks hægt að birta í Lögbirtingablaði áskorun til fjölda (1.197) félaga um að skrá raunverulega eigendur ella fara í skipta-/slitaferli.

Margvísleg verkefni koma inn á borð Skattsins, t.a.m. var farið fram á liðsinni við undirbúning og framkvæmd leiðtogafundar Evrópuráðsins 16.-17. maí. Um er að ræða stærsta alþjóðlega viðburð sem íslensk stjórnvöld hafa staðið fyrir. Reyndi þar á útsjónarsemi, frumkvæði og jákvætt viðhorf starfsfólks tollgæslunnar og gaman að segja frá því að í kjölfarið barst bréf þar sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra þökkðu starfsfólki Skattsins fyrir framúrskarandi samvinnu við undirbúning og framkvæmd fundarins.

Sem fyrr er mannaður undirstaða allra góðra verka stofnunarinnar og ber að þakka starfsfólki framlag sitt til starfseminnar á árinu. Þó að flutningarnir hafi reynt á, lögðust allir á eitt til þess að þeir gengju fljótt og örugglega fyrir sig. Almenn ánægja er með nýju heimkynnin sem við bindum öll vonir við að muni efla starfsemina a marga lund, samfélaginu til heilla.

Snorri Olsen, ríkisskattstjóri

Mannauður



Verkefni Skattsins eru fjölbreytt og umhverfið flókið og síbreytilegt. Fjölbreyttur mannauður er undirstaða þess að starfsfólk okkar geti veitt framúrskarandi þjónustu og þannig lagt grunn að því að sinna meginhlutverkinu sem er að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga og vernda samfélagið með virku eftirliti, rannsóknum og tollgæslu.

Með því að hlúa að þeirri auðlind sem felst í mannauði Skattsins eflum við liðsheild, starfsánægju og sköpum einstaka menningu sem einkennist af fjölbreytileika, jafnrétti, vexti og jákvæðni. Mannauður Skattsins er á öllum aldri, búsettur vítt og breitt um landið og hefur fjölbreyttan bakgrunn. Á árinu var meðalaldur starfsfólks 46,3 ár.

Starfsfólk Skattsins starfar jafnt í dagvinnu sem og í vaktavinnu þar sem tollverðir standa vörð um samfélagið á öllum tímum sólarhringsins.

Hjá Skattinum leitast starfsfólk við að sinna störfum sínum af alúð og fagmennsku og að nálgast verkefnin af virðingu. Við úrlausn flókinnar verkefna er gjarnan unnið saman í teyllum að lausnum, oft þvert á svið. Leitast er við að skapa tækifæri og svigrúm fyrir starfsfólk til að þróa styrkleika og færni og færast á milli viðfangsefna, miðla og deila þekkingu. Hvað varðar starfsþróun í stórri stofnun eins og Skattinum eru tækifærin til að þróast og vaxa mörg.



Heilsa og vellíðan

Vellíðan starfsfólks er ávallt höfð í fyrirrúmi. Til að hlúa að andlegri og líkamlegri heilsu er boðið upp á íþróttastyrk, samgöngustyrk og gleraugnastyrk, en einnig er aðstaða til líkamsræktar á starfsstöðinni í Reykjavík. Þá er starfsfólki boðið upp á árlegar heilsufarsmælingar.

Öllu starfsfólki er boðið til árlegs starfsmannasamtals með næsta yfirmanni, en þar skapast vettvangur til að ræða um þá hluti sem skipta máli, hvort sem um er að ræða faglegar áskoranir eða persónulegar, frammistöðu og starfsþróun.

Starfsmannafundir og fræðsla

Nýtt starfsfólk fær nýliðafræðslu við upphaf starfs en samhliða henni fær starfsfólk sértæka handleiðslu inn í sín verkefni. Ýmis önnur námskeið og fræðsla stendur einnig starfsfólki til boða, hvort sem er að frumkvæði stofnunarinnar eða starfsfólksins sjálfs og býðst starfsfólki árlegur fræðslustyrkur frá embættinu.

Eins og fyrri ár var fræðsluáætlun Skattsins byggð á niðurstöðum starfsmannasamtala. Embættið tók upp samstarf við Starfsmennt fræðslusetur um framkvæmd námskeiða fyrir Skattinn. Boðið var upp á fjölbreytt úrval námskeiða sem tengdust almennri færni, persónulegri færni og faglegri færni. Þátttakan var góð og starfsmenn gáfu námskeiðunum góða umsögn.

Stóri starfsmannafundur Skattsins

Ríflega fjögur hundruð starfsmenn mættu á hinn árlega starfsmannafund Skattsins sem haldinn var í Hörpu 9. maí. Er óhætt að segja að starfsfólk hafi notið þess að vera í góðum félagsskap, hlýtt á skemmtileg og fróðleg erindi sem og neytt ljúfra veitinga. Fullyrða má að fundir sem þessir auki á samkennd og samstöðu starfsfólks.

Tollskóli ríkisins

Á árinu var reglugerð um nám fyrir Tollverði endurskoðuð og uppfærð. Í lok árs var reglugerðin samþykkt af ráðuneytinu og birt sem reglugerð 1550/2023 „um Tollskóla ríkisins og skilyrði fyrir veitingu starfa við tollgæslu“.

Heimavinna


Í árslok 2023 voru 59 starfsmenn með virkan heimavinnusamning enda fór eftirspurn eftir sveigjanleika í formi heimavinnu vaxandi í kjölfar COVID-19 faraldursins. Fyrirkomulagið er að auki í takt við grænar áherslur og þau umhverfissjónarmið sem stofnunin vinnur eftir. Starfsmenn sem gert hafa heimavinnusamninga hafa almennt verið ánægðir með fyrirkomulagið sem í boði er. Með aukinni reynslu og þekkingu á kostum og annmörkum slíkra samninga munu þeir verða endurskoðaðir reglulega.

Jafnlaunavottun



Að þessu sinni var komið að heildarúttekt á jafnlaunakerfi Skattsins skv. kröfum staðalsins ÍST 85:2012 – Jafnlaunakerfi, ólíkt árinu á undan þar sem þá var einungis um að ræða viðhaldsúttekt. Úttektin var gerð af úttektarstofunni BSI á Íslandi en liður í þeirri

úttekt er launagreining á launum starfsfólks Skattsins þar sem notast var við laun sem greidd voru út þann 1. júlí 2023. Stóðst Skatturinn úttektina og fékk staðfestingu þess efnis að jafnlaunakerfið uppfyllti kröfur jafnlaunastaðalsins. Vottunin er í gildi til ársins 2026 en fram að því verða gerðar árlegar viðhaldsúttektir.



Annað árið í röð reyndist launamunur innan Skattsins innan við 1% þegar unnir yfirvinnutímar voru notaðir til skýringar á heildarlaunum sem er einkar góður árangur. Sýndu niðurstöðurnar fram á að launamunurinn hefði minnkað á milli ára og reyndist nú einungis um 0,4% (karlar hærri) samanborið við árið 2022 þar sem launamunur sambærilegrar mælingar nam þá 0,9% (karlar hærri). Árið 2021 mældist munurinn 4,7%. Niðurstöðurnar eru því einkar gleðilegar og bera vott um að kerfið sé að skila þeim árangri sem því er ætlað, en eitt af markmiðunum er einmitt að útrýma kynbundnum launamun með stöðugum umbótum.



Viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar




Fjórða árið í röð var Skatturinn meðal þeirra fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnanna sem hlutu viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefni sem Félag kvenna í atvinnulífinu stendur fyrir.

Skatturinn var þar á meðal 89 fyrirtækja og opinberra aðila sem hlutu þessa mikilvægu viðurkenningu en hana hljóta þeir þátttakendur sem hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi í a.m.k. 40/60.

Skipting starfsfólks eftir landssvæðum

Í prósentum


■ Höfuðborgarsvæðið ■ Suðurnes ■ Norðurland ■ Austurland
■ Suðurland ■ Vestfirðir ■ Vesturland



Kynjahlutfall

Í prósentum

■ Konur ■ Karlar



Fjármál og rekstur

Fjármálasvið hefur umsjón með fjármálum og rekstri stofnunarinnar, s.s. bókhaldi, innkaupum, raunlægum öryggismálum, skjalamálum, mótuneytismálum og húsnæðismálum.



Húsnæðismál

Árið var mjög viðburðaríkt í húsnæðismálum stofnunarinnar þegar hún flutti aðsetur sitt af Laugavegi 164-166 og úr Tollhúsinu í nýjar höfuðstöðvar að Katrínartúni 6. Þrátt fyrir tafir á afhendingu húsnæðisins til Skattsins gengu flutningarnir mjög vel fyrir sig. Fyrsti flutningsdagur var 15. ágúst og flutningsdagarnir voru alls fimm, en þegar flutningum lauk 29. ágúst höfðu um 330 starfsmenn flutt sig um set. Fjármálasvið hafði veg og vanda af flutningunum en lokahnykkur flutninganna var að flytja innheimtu- og skráasvið og þ.m.t. afgreiðslu og móttöku Skattsins í Reykjavík í hinar nýju höfuðstöðvar.

Segja má að verkefnið hafi notið aðkomu allra starfsmanna sem fluttu sig um set, með einum eða öðrum hætti, enda voru stofnaðir 15 verkefnahópar (sem í störfuðu um 100 manns) sem sinntu ýmsum verkefnum tengdum flutningunum. Álagið var þó hvað mest á vélbúnaðardeild tæknisviðs sem hafði veg og vanda af því ærna verkefni að koma upp starfhæfu tækniúhverfi og setja upp tölvur, skjái, prentara o.fl.

Í nýja húsnæðinu tók Skatturinn við 10 hæðum en húsið telur 11 hæðir þar af 9 ofanjarðar og tvær hæðir í kjallara, alls um 9.705 fm. Vinnurýmin eru hönnuð með tilliti til verkefna miðaðs vinnurýmis með fjölda fundarherbergja og næðisrýma en flest starfsfólk er í opnum rýmum sem er breyting frá fyrra skipulagi. Fjársýslan flutti einnig í Katrínartún 6 og er með til yfirráða aðra hæð hússins og hluta af jarðhæð og hæðum í kjallara.

Öryggismál

Flutningur í nýtt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu hafði í för með sér miklar áskoranir í öryggis- og aðgangsmálum. Mikið starf var unnið í því augnamiði að gera húsnæðið eins öruggt og hugsast gæti, bæði fyrir starfsemina og starfsfólkið. Vinnunni er þó fjarri því lokið enda má ekki sofna á verðinum þegar öryggismál eru annars vegar. Þá fór töluverður tími í að ganga frá og skila Laugavegi 164-166 og Tollhúsinu með uppsettum öryggis- og aðgangskerfum.

Mötuneytismál

Mötuneytismálum Skattsins í Reykjavík var umbreytt við flutninginn í Katrínartún en samhliða var opnað nýtt og glæsilegt mötuneyti fyrir starfsfólk Skattsins sem fékk nafnið Hverfandi bistro. Bæði á Laugavegi 166-164 og í Tollhúsinu hafði verið starfrækt framreiðslumötuneyti þar sem borinn var fram matur sem fenginn var eldaður í hús. Nú er allur matur eldaður á staðnum og mikil áhersla á að maturinn sé bæði hollur og næringarríkur.

Starfsfólk Fjársýslunnar hefur einnig aðgang að Hverfanda bistro og hefur sú sambúð gengið mjög vel.

Þjónusta og upplýsingar

Þjónustu- og upplýsingasviði er ætlað að veita viðskiptavinum þjónustu á öruggan, aðgengilegan og góðan hátt í samræmi við lög og reglur. Til þess að svo megi verða er innan sviðsins unnið að þróun stafrænna þjónustulausna, fræðslu og miðlun upplýsinga á vefsíðum og samfélagsmiðlum, bæði inn á við og út á við.

Upplýsingagjöf og þjónusta

Þjónustu- og upplýsingasvið tók til starfa á árinu 2022 og eru starfsstöðvar tvær, á Akureyri og í Reykjavík.

Í samræmi við hlutverk sviðsins var á árinu 2023 unnið að því að fjölga og bæta þjónustulausnir. Ráðist var í margs konar umbætur. Eftir mikinn undirbúning var í nóvember tekið í notkun spjallmenni sem þegar hefur breytt því hvernig viðskiptavinir nýta þær þjónustuleiðir sem í boði eru. Unnið var að gerð fjölmargra leiðbeininga um ýmis atriði í skattframkvæmdinni. Náðist að birta hluta þeirra á vefsíðum á árinu en aðrar voru í vinnslu. Sem dæmi má nefna leiðbeiningar um einstök atriði í virðisaukaskattsframkvæmd, leiðbeiningar um sjálfsafgreiðslu og leiðbeiningar um skattalega meðferð hlutabréfa. Þá voru samfélagsmiðlar nýttir í auknum mæli til að koma ýmsum upplýsingum og fróðleik á framfæri, t.d. í kringum gerð og skil á skattframtölum einstaklinga. Bæði var notkunin meiri á þessari tegund miðla auk þess sem að fleiri bættust við s.s. Instagram og Twitter.

Starfsmenn á sviðinu höfðu einnig umsjón með ýmsum þáttum skattframkvæmdarinnar, t.d. útgáfu bindandi álita, séreignarsparnaðarúrræðum, bifreiðagjaldi og eftirliti með álagningu erfðafjárskatts. Þá tóku starfsmenn þátt í verkefnum sem tengjast álagningu á einstaklinga, virðisaukaskattsframkvæmd og ýmsum tilfallandi atriðum.

Stafræn þróun

Þjónustu- og upplýsingasvið hefur með höndum stafræn þróunarverkefni í samstarfi við önnur svið embættisins, þ.m.t. greiningu verkefna út frá lögfræðilegum álitaefnum og skráningu verklags ef við á. Það sem sett hefur verið á oddinn er þróun og nýting upplýsingatækni í þjónustu, bæði út á við og inn á við.

Á árinu var enn unnið að því að uppfylla skilyrði sem sett eru í lögum nr. 105/2021, um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Verkefnið er umfangsmikið og marghliða og unnið í víðtæku samstafi á milli sviða.

Starfsmenn sviðsins unnu frá hausti að mjög umfangsmiklu verkefni sem var upptaka á kílómetragjaldi á rafmagnsbíla, vetnisbíla og tengiltvinnbíla sem tók gildi frá og með 1. janúar 2024. Var bæði unnið að tæknilegum útfærslum í þessu sambandi sem og undirbúningi að fyrirsjáanlegri þjónustu í kjölfar lögfestingar á þessu nýja gjaldi.



Þjónusta á starfsstöðvum


Í ágústmánuði var afgreiðsla Skattsins í Reykjavík flutt í nýju starfsstöðina að Katrínartúni 6. Heimsóknir viðskiptavina jukust um 5% á milli ára, heildarkomur viðskiptavina árið 2022 voru 26.978 talsins en árið 2023 voru þær 28.142. Aukningu í heimsóknarfjölda má meðal annars rekja til betra aðgengis.

Í nýju afgreiðslunni eru fimm afgreiðslubásar fyrir almenna afgreiðslu og fjórir afgreiðslubásar fyrir þjónustufulltrúa lögfræðinnheimtu auk þess sem að öryggisvörður hefur þar aðsetur. Aðgengi fatlaðra er gott og er sérstakur afgreiðslubás ætlaður fyrir viðskiptavini í hjólastól. Einnig eru staðsettar þar þrjár tölvur til notkunar fyrir viðskiptavini sem geta þannig nýtt sér sjálfsafgreiðslumöguleika með aðstoð frá starfsfólki.

Komur í afgreiðslu í Reykjavík

Fjöldi


■ Gjaldkeri ■ Almenn afgreiðsla ■ Fyrirtækjaskrá
■ Þjónustufulltrúi



Símsvörun

Fjöldi

■ Innheimta-Upplýsingaver ■ Tollamál -Upplýsingaver
■ Upplýsingaver ■ Vanskila innheimta ■ Framtalsaðstoð
■ Fyrirtækjaskrá



Tæknimál

Hlutverk tæknisviðs er að styðja við og þjónusta önnur svið í tengslum við tölvukerfi, hugbúnað og vélbúnað með áherslu á að efla sjálfvirkni í vinnubrögðum og auka rafræna afgreiðslu og þjónustu. Á sviðinu eru álagningardeild, gagnavísindaeining, hugbúnaðardeild, tollakerfi og vélbúnaðardeild auk þess sem upplýsingaöryggisstjóri embættisins heyrir beint undir sviðsstjóra.

Verkefni vélbúnaðardeildar felast einkum í innkaupum, viðhaldi og rekstri vélbúnaðar sem og þjónustu við starfsmenn embættisins á því sviði. Einnig rekstur víðnets Skattsins, umsjón með GoPro málakerfi, fjarfundabúnaði, afgreiðslukerfi, símkkerfi og ýmsum öðrum notendabúnaði. Hugbúnaðardeild og tollakerfi sinna verkefnum vegna skatt- og tollframkvæmdar á borð við nýsmíði og rekstur tölvukerfa Skattsins, þróun rafrænnar þjónustu og umsjón rafrænnar upplýsingamiðlunar og vefþjónustu, þ.m.t. upplýsingavefja og þjónustusíðu Skattsins. Álagningardeild sér um vélræna skattálagningu einstaklinga og lögaðila en í því felst m.a. umsjón með breytingum og uppfærslum á eyðublöðum, leiðbeiningum og regluþrófunum. Gagnavísindaeining sinnir gagnavísinda- og greiningarvinnu og vinnur að ýmsum verkefnum þar sem vélrænt gagnanám og gervigreind er notuð til að greina gögn Skattsins.

Kílómetragjald

Á árinu hófst undirbúningur vegna fyrirhugaðrar upptöku á nýju samgöngugjaldi sem leggjast átti á bifreiðar vegna aksturs á vegum landsins. Tæknilegur undirbúningur var umfangsmikill og var samstarf haft við fjármálaráðuneyti, Samgöngustofu og Stafrænt Ísland um útfærslu og framkvæmd. Lögin voru samþykkt stuttu fyrir þinglok í desember og tóku gildi 1. janúar 2024. Í fyrstu var einungis lagt kílómetragjald á rafmagnsbíla, vetnisbíla og tengiltvinnbíla en áformað er að kílómetragjald verði lagt á allar tegundir bifreiða á árinu 2025 eða síðar.

Flutningar í nýtt húsnæði

Fjölmargir vinnuhópar störfuðu á árinu við undirbúning flutnings embættisins í nýju höfuðstöðvarnar í Reykjavík. Starfsmenn vélbúnaðardeildar báru hitann og þungann af starfi margra þeirra starfshópa og má þar m.a. nefna starfshópa vegna fjarfundabúnaðar, notendabúnaðar, aukakerfa, netmála og tölvuvers. Fyrsti hópur starfsmanna flutti í Katrínartúnið um miðjan ágúst og voru allir starfsmenn komnir á nýja starfsstöð í lok ágústmánaðar. Flutningi á miðlægum búnaði í tölvuver lauk í október.

Upplýsingaöryggi í brennidepli

Á árinu var unnið áfram við að auka upplýsingaöryggi hjá embættinu. Rík áhersla var lögð á áhættumat, greiningu á umfangi og virkni upplýsingatækniumhverfis Skattsins með aukið öryggi, skilvirkni og uppitíma að leiðarljósi. Stærstu og umfangsmestu verk-

efnin fólust í uppfærslum á netlagi, innleiðingu á nýjum kerfum ásamt nánari söfnun og greiningu atburðaskráninga sem eykur vöktun og bætir viðbragð enn frekar.

Breytingar á miðlun upplýsinga úr fyrirtækjaskrá

Mikil eftirspurn er eftir upplýsingum úr fyrirtækjaskrá og var unnið í ýmsum verkefnum á árinu vegna breytinga á tæknilegri útfærslu við miðlun og dreifingu upplýsinga. Auknar kröfur eru nú gerðar um að hægt sé að nálgast upplýsingar rafrænt með einföldum hætti, bæði vegna alþjóðlegs samstarfs og einnig vegna breyttra aðstæðna innanlands. Má í því sambandi nefna kröfur vegna nýrrar lagasetningar um samtengingarkerfi skráa (BRIS og BORIS), vegna útgáfu reglugerðar um gjalddöku fyrirtækjaskrár og einnig vegna þátttöku Skattsins í samnorræna verkefninu Nordic Smart Government & Business. Með þessum breytingum eru tekin mikilvæg skref í innleiðingu Skýjastefnu hins opinbera.

Tollakerfi

Þann 1. mars 2023 áttu sér stað umtalsverðar breytingar á álagningu úrvinnslugjalda þegar lög um svokallað „Hringrásarhagkerfi“ tóku gildi. Umtalsverðar breytingar þurfti að gera á tollakerfinu vegna þessara nýju umbúðagjalda. Samhliða upptöku á álagningu nýrra umbúðagjalda var innleiðingu á SAD tollskýrslunni í innflutningi endanlega lokið. Á árinu var lokið við smíði á svokölluðu „Tollaappi“ en með því geta viðskiptavinir toll-afgreitt sjálfir allan þann varning sem er umfram tollfrjálsan innflutning. Á þetta bæði við um einstaklinga sem koma til landsins, auk skipverja og áhafna flugvéla.

Ný auðkenning á þjónustusíðu Skattsins

Um mitt ár var tekin í notkun ný auðkenningarþjónusta fyrir notendur til að skrá sig inn á þjónustusíðu Skattsins með rafrænum skilríkjum. Til að tryggja öryggi og rekjanleika er mjög mikilvægt að innskráður einstaklingur sé ávallt auðkenndur með réttum hætti. Eldri auðkenningarþjónusta, sem komin var til ára sinna, hefur nú verið skipt út fyrir auðkenningarþjónustu island.is. Með þessari breytingu er komin á betri samþætting á milli þjónustuvefja hins opinbera og er nú auðveldara að flakka á milli vefja án þess að skrá sig inn á hverjum stað. Samfara og í framhaldi af innleiðingu nýrrar auðkenningarþjónustu hefur á árinu verið unnið að nýju umboðskerfi í samstarfi við island.is.

Endurnýjun á tölvukerfum og breytingar vegna lagasetningar

Töluverð vinna var á árinu vegna breytinga á lögum um ýmsa skatta og gjöld. Má þar nefna gistináttaskatt, heimild til nýtingar á séreignarsparnaði inn á íbúðalán og breytingar á virðisaukaskattslögum.

Þá hófst undirbúningur fyrir uppfærslu á regluþrófunarkerfi sem fer yfir innkomin skattframtöl og afgreiðir þau eftir atvikum vélrænt til álagningar en eldra kerfið hefur verið í notkun í aldarfjórðungi.

Skatteftirlit og skattrannsóknir

Skatteftirlit og -rannsóknir felast m.a. í endurskoðun á framtalsgögnum og í rannsóknum á skattundanskotum og öðrum refsiverðum brotum. Markmiðið er að minnka skattagapið með því að stemma stigu við ólögmati skattasniðgöngu og skattundanskotum. Sviðinu er skipt upp í þrjár deildir: eftirlitsdeild, rannsóknadeild og viðurlagadeild.

Endurskoðun skattskila

Skatteftirlit snýr m.a. að endurskoðun á framtalsgögnum einstaklinga og lögaðila. Helstu málaflokkar sem voru til skoðunar á árinu voru eftirfarandi:

- Athugun á framtöldum bifreiðahlunnindum
- Könnun á framtöldu reiknuðu endurgjaldi
- Skoðun skattskila út frá erlendum innborgunum á bankareikninga og kort
- Skoðun skattskila vegna tekna af útleigu gistirýma

Af öðrum málaflokkum má t.a.m. nefna:

- Lánveitingar einkahlutafélaga til hluthafa
- Söluhagnaður einstaklinga af sölu hlutabréfa vegna viðskipta tengdra aðila
- Kaup einkahlutafélaga á fasteignum og öðrum eignum til afnota fyrir hluthafa
- Frestaður söluhagnaður lögaðila
- Kaupréttir

Á árinu var áframhald á því verklagi að vinna með tiltekna málaflokka í svonefndum lotuverkefnum, ásamt hefðbundinni úrvinnslu. Áhersla var áfram lögð á að auka skilvirkni og stytta málsmeðferðartíma, en það var t.d. gert með því að yfirfara og einfalda verkferla.

Endurskoðun leiðir eftir atvikum til endurákvörðunar opinberra gjalda eða annarrar endurálagningar skatta. Í flestum tilvikum er álagi beitt samhliða endurákvörðun.

Stórfyrirtækjaeftirlit

Í eftirlitsdeild er starfrækt sérstakt teymi er hefur það hlutverk að hafa eftirlit með skattskilum stærri fyrirtækja eftir atvinnugreinum. Hópurinn hóf störf á árinu 2020 og var þá lögð áhersla á skoðun sjávarútvegsfyrirtækja sem áfram var unnið með á árunum 2021 og 2022. Á árinu 2023 var lögð áhersla á skoðun byggingageirans ásamt áframhaldandi skoðun sjávarútvegsfyrirtækja. Stórfyrirtækjaeftirlit beinist að ýmsum þáttum í rekstri fyrirtækjanna, m.a. að risnutengdum liðum og hlunnindum, eignfærslu fjármagnskostnaðar, fyrningum og viðskiptum móðurfélags og dótturfélaga. Verklag við stórfyrirtækjaeftirlit byggir á góðu samstarfi við þá aðila er sæta athugun, enda oft á tíðum mikið magn gagna sem yfirferð beinist að. Málum lýkur oftast með beiðni um leiðréttingu en einnig með hefðbundinni endurálagningu opinberra gjalda.

Milliverðlagning – Viðskipti tengdra lögaðila yfir landamæri

Hjá eftirlitsdeilda er starfandi teymi er hefur með höndum skoðun og greiningu á lögaðilum sem eru skjölunarskyldir skv. 57. gr. tsl. og eiga að skila skjölunareyðublaði RSK 4.28 með skattframtölum sínum. Yfirferð teymisins á árinu beindist að árinu 2021, gjaldárinu 2022. Á því ári er til skoðunar var skiluðu um 200 aðilar umræddu skjölunareyðublaði. Séu skattstofnar ranglega fram taldir leiðir það til endurákvörðunar þeirra.

Peningaþvætti


Peningaþvættiseftirliti er sinnt innan eftirlitsdeildar sem nánar tiltekið felst í eftirliti með því að tilkynningarskyldir aðilar, að fjármálastofnunum undanskildum, uppfylli skyldur sem á þeim hvíla skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna. Þær kröfur sem gerðar eru til tilkynningarskyldra aðila eru m.a. að framkvæma áhættumat á eigin rekstri til að greina hvar hættur eða veikleikar liggja í rekstrinum. Þá þurfa þeir að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum sínum og kanna hvort þeir sæti þvingunaraðgerðum.

Á árinu gerði teymið 13 athuganir hjá tilkynningarskyldum aðilum. Kröfur eru settar fram um úrbætur ef við á. Að jafnaði er stjórnvaldssektum beitt vegna brota á lögnum og voru átta aðilar beittir stjórnvaldssekt á árinu samanborið við tíu aðila á árinu 2022. Sex aðilar leituðust við að ljúka málinu með sátt gegn greiðslu hluta sektarfjárhæðar. Í tveimur málum voru sáttir felldar niður vegna ófullnægjandi úrbóta frá árinu 2022 og ný sekt lögð á. Einn aðili höfðaði mál til ógildingar ákvörðun um sekt frá árinu 2022. Námu sektir vegna brota tilkynningarskyldra aðila alls kr. 36,3 milljónum á árinu 2023. Þá var á árinu lögð áhersla á að yfirfara verkferla og þróa verklag enn frekar til að auka skilvirkni. Fulltrúi teymisins á sæti í stýrihóp stjórnvalda um stefnumótun og samhæfingu varna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Skattrannsóknir


Rannsóknadeild annast rannsóknir á refsiverðum brotum gegn skattalögum og tilteknum brotum gegn lögum um bókhald og lögum um ársreikninga. Rannsóknadeild er stýrt af skattrannsóknarstjóra sem ber faglega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri einingarinnar. Rannsóknamál ársins vörðugu m.a. skattundanskot vegna félaga í formi vanframtalinna tekna auk offramtalinna gjalda og óheimilla úttekta úr félögum. Einnig vörðugu þau útgáfu reikninga, ýmist í þeim tilgangi að ná fjármunum úr félögum til eigenda eða til greiðslu launa án þess að til skattlagningar komi. Þá vörðugu þau skattundanskot félaga og einstaklinga í tengslum við félög erlendis. Skattrannsókn leiðir eftir atvikum til endurákvörðunar opinberra gjalda eða annarrar endurálagningar skatta. Í flestum tilvikum leiða rannsóknir deildarinnar til sektarákvörðunar vegna brota sem rannsókn hefur leitt í ljós. Ef mál er sæta meðferð rannsóknadeildar teljast alvarleg er þeim vísað til meðferðar héraðssaksóknara í samræmi við fyrirmæli ríkissaksóknara. Flest þeirra mála eru í framhaldinu rannsökuð af rannsóknadeild í samvinnu við héraðssaksóknara.

Skattrannsóknir á vanskilum á vörslufé



Gjaldabreytingar eftirlits og rannsókna

Fjöldi mála og fjárhæð



Auk rannsókna á skattundanskotum beinast rannsóknir deildarinnar að brotum er lúta að vanskilum vörslufjár, þ.e. virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda. Á árinu var fjárhæð vanskila vegna brota er sættu rannsókn alls um 1.289 milljónir kr. Á árinu voru greiddar rúmlega 95 milljónir kr. inn á vangoldinn höfuðstól eftir að tilkynnt var um rannsókn.

Undir rannsókn máls kann að vera þörf á leit og haldlagningu gagna sem lið í að upplýsa mál. Er í þeim tilvikum óskað úrskurðar fyrir dómstólum. Skýrslutökur eru teknar undir rannsókn máls, að jafnaði í hljóði og mynd, að gefinni viðeigandi réttarstöðu. Á árinu voru framkvæmdar 135 skýrslutökur samanborið við 101 á árinu 2022. Til að tryggja greiðslu væntanlegrar skattkröfu, sektar og sakarkostnaðar kunna eignir að vera kyrrsettar við rannsókn máls. Á árinu voru eignir kyrrsettar fyrir um 4.764 milljónir kr. í alls 44 málum.

Með lögum nr. 29/2021 var fengin sérstök heimild fyrir þau er sæta rannsókn til að ljúka meðferð máls með leiðréttingu skattskila undir rannsókn. Hefur slík leiðrétting áhrif til lækunar sektar vegna brota. Hefur þessi nýjung reynst vel og hefur m.a. þau áhrif að meðferð máls tekur skemmri tíma en áður. Á árinu lauk 25 málum með hinni nýju leiðréttingaleið skattskila.

Aðgerðateymi

Innan rannsóknadeildar er starfrækt sérstakt aðgerðateymi sem m.a. er ætlað að sinna heimsóknum á starfsstöðvar og eftir atvikum að stöðva yfirstandandi brotastarfsemi með lokunaraðgerðum. Meginverkefni teymisins er að uppgötva frávík í rauntíma er lúta að launagreiðslum, virðisaukaskattsskilum og tekjuskráningu rekstraraðila. Á árinu hefur verið unnið að áherslubreytingum og hlutverk aðgerðateymisins stefnumarkað með tilliti til aukinnar frávíkagreiningar, sem framkvæmd hefur verið með aðstoð gagnavísindaeiningar Skattsins. Fyrst og fremst er um að ræða forvirkar aðgerðir sem ætlað er að vera leiðbeinandi og leiðrétandi. Sinni rekstraraðilar ekki tilmælum er málum eftir atvikum vísað til verkefnavals og þá í framhaldi ýmist hafin formleg rannsókn á skattskilum viðkomandi eða virðisaukaskattsnúmeri lokað. Ef um mjög alvarleg frávík er að

ræða er rekstur stöðvaður og starfsstöðvar innsiglaðar. Jafnframt hefur samstarf þvert á svið Skattsins verið aukið þar sem teymið sinnir ákveðnum verkefnum í samstarfi við önnur svið, þ. á m. álagningarsvið og innheimtu- og skráasvið. Einnig er viðhaldið góðu samstarfi við aðrar stofnanir sem sinna sambærilegu eftirliti af hálfu ríkisins, s.s. lögreglu, Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins.

Viðurlög

Meginhlutverk viðurlagadeildar er að annast refsimeðferð mála er sæta rannsókn innan sviðsins. Refsimeðferð er tvenns konar. Í fyrsta lagi beiting sektar að hámarki 100 milljónir kr. Þær sektarákvarðanir eru kærnanlegar til yfirséttanefndar. Í annan stað ákærumeðferð lögreglu í kjölfar vísunar mála frá viðurlagadeild. Á árinu námu sektir ákvarðaðar af hálfu viðurlagadeildar alls um 1.657 milljónum kr. í 46 málum. Tvær sektarákvarðanir voru kærðar til yfirséttanefndar og var önnur ákvörðunin staðfest af hálfu nefndarinnar en sektin í hinu málinu lækkuð.

Annað meginhlutverk viðurlagadeildar er að hlutast til um endurákvarðanir skatta í þeim málum er sætt hafa rannsókn. Auk þess sinnir deildin kröfugerðum vegna úrskurða sviðsins sem kærðir hafa verið til yfirséttanefndar og gerð umsagna sem ríkislögmaður kallar eftir frá Skattinum vegna dómsmála sem rekin eru vegna skattapáttar eftirlits- og rannsóknamála. Þá sinnir deildin verkefnum einkum tengdum rannsóknaaðgerðum sviðsins, þ. á m. úrskurðarbeiðnum fyrir dómstólum um húsleitir og haldlagningu gagna og kyrrsetningu eigna í samvinnu við innheimtu- og skráasvið embættisins.

Fulltrúi viðurlagadeildar er annar af tveimur fulltrúum sviðsins í stýrihópi stjórnvalda um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Verkefnaval og greining

Innan sviðsins er starfrækt sérstakt teymi sérfræðinga er sinnir verkefnavali og greiningu. Er teyminu ætlað að velja mál til frekari meðferðar innan eftirlits- eða rannsóknadeildar í samráði við stjórnendur. Þá er verkefnavali ætlað að samræma málsmeðferð milli deilda sviðsins. Greiningarteymi sviðsins vinnur náið með sérfræðingum verkefnavals við nánari greiningu á einstökum málum áður en þeim er úthlutað til frekari meðferðar innan eftirlits- eða rannsóknadeildar. Á árinu var haldið áfram að útfæra greiningaaðferðir í samstarfi við gagnavísindaeiningu embættisins. Þá var haldið áfram með þá áherslubreytingu frá árinu á undan að beita í auknum mæli aðferðum áhættustjórnunar við verkefnaval. Teymi sviðsins fer yfir allar ábendingar sem berast, þ. á m. frá almenningi, um athugunarverð skattskil en á árinu bárust alls 315 ábendingar.

Álagning opinberra gjalda

Meginmarkmið Skattsins eru að skattskil almennings og fyrirtækja séu rétt og í samræmi við lögbundnar skyldur. Einnig að þau sem leita til embættisins, svo sem eftir aðstoð við framtalsskil eða svörum við skattalegum spurningum og álitaefnum, fái þjónustuna á öruggan og skilvirkan hátt í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Framtal einstaklinga og lögaðila

Þjónusta Skattsins vegna framtalsgerðar var að venju viðamikil og var sérstök áhersla lögð á fjarþjónustu í takt við markmið embættisins um einföldun og skilvirkni þjónustu. Á meðan á framtalsfresti einstaklinga stóð svaraði starfsfólk Skattsins um 17 þúsund símtölum, svaraði þúsundum tölvupósta og veitti leiðbeiningar í afgreiðslum á starfsstöðvum.

Mikil áhersla var lögð á að vekja athygli á að opið væri fyrir framtalsskil með auglýsingum í sjónvarpi, dagblöðum og á vef- og samfélagsmiðlum. Auglýst var á íslensku, ensku og pólsku. Þá var boðið upp á bæklinga um framtalsskil á ensku, pólsku, litháísku, arabísku, úkraínsku og spænsku.


Opnað var fyrir framtalsskil einstaklinga þann 1. mars og var skilafrestur til 14. mars. Opnað var fyrir framtalsskil lögaðila 1. febrúar en lokaskiladagur var 31. maí. Endurskoðendur, bókarar og aðrir sem hafa atvinnu af framtalsgerð gátu sótt um lengri framtalsfresti eða fram til 15. apríl fyrir einstaklinga og til loka september fyrir lögaðila.

Álagning einstaklinga

Við lok framtalsfrests hefst mikil vinna við yfirferð og afgreiðslu innkominna framtala.


Á skattgrunnskrá, þ.e. skrá yfir skattskylda einstaklinga við álagningu ársins, voru 332.069 einstaklingar. Á framtalsfresti bárust framtöl 312.412 einstaklinga eða 94,1% framtala skattskyldra einstaklinga.

Fjöldi á skattgrunnskrá



Framtalsskil

Hlutfall í prósentum




Meginþorri framtala er afgreiddur vélrænt en u.þ.b. 15% framtala eru afgreidd handvirkir samkvæmt fyrirfram ákveðinni regluþrófun.

Álagning einstaklinga fór fram þann 31. maí en álagningarseðlar voru birtir á þjónustu-síðu framteljenda þann 22. maí. Álagningarskrá einstaklinga var aðgengileg á starfsstöðvum Skattsins á tímabilinu 17. ágúst til 31. ágúst.


Afgreidd erindi og framtöl einstaklinga

Fjöldi



Afgreiddar kærur einstaklinga

Fjöldi



Álagning lögaðila


Fjöldi lögaðila á skattgrunnsskrá á landinu öllu við lok álagningar ársins var 69.549 en þar af voru 52.059 skattskyld félög (einkahlutafélög, hlutafélög, sameignarfélög o.þ.h.) og 17.490 lögaðilar sem undanþegnir eru tekjuskatti. Fyrir lok álagningar höfðu 45.319 framtöl borist eða 87,1% framtala. Framtalsskil lögaðila hafa aldrei verið betri, en árið á undan bárust 43.377 framtöl eða 86,4% framtala.

Gjöld 6.829 lögaðila voru áætluð sem er 13,1% lögaðila á skattgrunnsskrá. Árið á undan voru gjöld 14,3% lögaðila á skattgrunnsskrá áætluð.

Kæruafgreiðsla fór fram innan lögbundins frests en kærufrestur rann út 30. nóvember. Álagningarskrá vegna álagningar lögaðila var lögð fram dagana 16. nóvember til 30. nóvember að báðum dögum meðtöldum. Skráin lá frammi á almennum starfsstöðvum Skattsins utan Reykjavíkur, en í Reykjavík í höfuðstöðvum Skattsins að Katrínartúni 6.


Afgreidd erindi og framtöl lögaðila

Fjöldi



Afgreiddar kærur lögaðila

Fjöldi



Staðgreiðsla

Mánaðarlega er öllum launagreiðendum og einstaklingum, sem ofnýtt hafa persónu-afslátt eða notað rangt skattþrep, send tilkynning þar um. Þannig er stuðlað að því að staðgreiðsluskil séu sem réttust á hverjum tíma.


Árlega berast fjölmargar beiðnir um leiðréttingu vegna staðgreiðslu opinberra gjalda. Þessar beiðnir stafa bæði frá almenna vinnumarkaðinum en þó sérstaklega frá Tryggingastofnun og Vinnumálastofnun. Er hér fyrst og fremst um að ræða endurreikning á réttindum til greiðslna sem m.a. er gerður þegar upplýsingar um tekjur viðkomandi einstaklinga liggja fyrir samkvæmt framtölum. Leitast er við að færa inn sem flestar þessara leiðréttinga áður en framtöl eru árituð eða fyrir birtingu álagningar.

Virðisaukaskattur

Á virðisaukaskattsskrá eru aðilar, einstaklingar og lögaðilar, sem hafa með höndum virðisaukaskattskylda starfsemi. Í árslok voru 38.583 aðilar skráðir á virðisaukaskattsskrá sem er fjölgun frá árinu á undan eða um 1.490. Um 21% skráðra voru einstaklingar en 79% lögaðilar.


Á árinu voru framkvæmdar 4.740 nýskráningar eða endurskráningar og 3.166 afskráningar. Nýskráningum hefur fjölgað um 29% á síðustu fjórum árum og um 6% á milli ára. Einnig hefur afskráningum fjölgað um 13% milli ára. Jafnframt má búast við því að afskráningum muni fjölga árið 2024 með tilkomu aukinna afskráningarheimilda ríkisskattstjóra, sbr. 9., 10. og 11. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Við álagningu uppgjörstímabila ársins voru 182.539 skráðar virðisaukaskattsskýrslur, sem er tæplega 10 þúsund skýrslum fleira en á árinu áður, en að viðbættum áætlunum var fjöldinn 186.122. Af skráðum skýrslum og áætlunum kváðu 126.925 skýrslur á um greiðslu, 31.457 skýrslur kváðu á um inneign og 24.157 voru núllskýrslur (hvorki greiðsla né inneign). Auk framangreindra skýrslna voru 1.898 skýrslur skráðar sem viku- leg bráðabirgðaskil í fiskvinnslu.



Endurgreiðslur virðisaukaskatts

Þúsundir kr.




Í lok árs höfðu 17.480 leiðréttingarskýrslur borist með skattframtölum ársins sem eru aðeins fleiri en á árinu á undan og voru 98,1% af þeim afgreiddar á árinu.

179.315 skýrslum var skilað rafrænt og virkir veflyklar voru 38.583. Ríkisskattstjóri áætlaði virðisaukaskatt hjá 3.583 aðilum samanborið við 4.589 vegna ársins 2022.

Á árinu var unnið að gerð rafrænnar stofnskrár virðisaukaskatts sem stendur til að taka í notkun á árinu 2024. Í fyrsta áfanga verður opnað fyrir nýskráningar aðila á virðisaukaskattsskrá. Eins var á árinu unnið að undirbúningi rafrænnar móttöku endurgreiðslubeiðna á virðisaukaskatti vegna kaupa sveitarfélags eða ríkisstofnunar á þjónustu. Þá er von á frekari rafvæðingu eyðublaða á næstu árum.


Árangur skoðunar í álagningu virðisaukaskattsdeildar

Fjöldi og fjárhæð



Útskattur og innskattur

Fjárhæðir í þúsundum kr.






Alþjóðleg skattlagning

Mál er varða alþjóðlega skattlagningu eru mjög fjölbreytt og tengjast flest tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert. Á grundvelli tvísköttunarsamninganna eru gefnar út undanþágur auk þess sem réttur getur myndast til endurgreiðslu á sköttum sem dregnir hafa verið af í staðgreiðslu af ákveðnum tekjum. Gefin eru út tekju- og eignavottorð, skattskylduvottorð og barnabótavottorð ásamt virðisaukaskattsvottorðum á erlendum tungumálum. Þá þarf að sinna fjölmörgum fyrirspurnum og móttaka upplýsingar frá systurstofnunum innan EES varðandi rétt til barnabóta á svæðinu sem og álitamálum sem upp koma innan stofnunarinnar og snerta túlkun tvísköttunarsamninga og skattlagningu á milli landa.

Alþjóðleg erindi

Fjöldi og tegundir innsendra erinda



Innheimta opinberra gjalda

Skatturinn annast innheimtu opinberra gjalda í stjórnsýsluumdæmi sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu. Þar fer einnig fram vanskila-innheimta og erlend innheimta samkvæmt gagnkvæmum innheimtusamningum. Innheimtan gefur út verklagsreglur sem gilda fyrir innheimtumenn ríkissjóðs á landsvísu, veitir leiðbeiningar og sinnir eftirliti með innheimtumönnum.

Aðfarargerðir

Á árinu voru sendar 754 greiðsluáskoranir í birtingu með stefnuvotti/póstinum og 6.892 aðfararbeiðnir voru sendar til sýslumanna. 563 fjárnám voru gerð í eignum og 12.202 fjárnámum lauk með árangursleysi. Gerðar voru 485 nauðungarsölubeiðnir. 1.139 gjald-protaskiptabeiðnir voru gerðar á árinu vegna lögaðila og 26 vegna einstaklinga. Fjöldi gjaldþrotaúrskurða var 1.057.

Kyrrsetningarmál


Hjá lögfræðinnheimtu var stofnað 71 kyrrsetningarmál á árinu, þar af voru 26 vegna ábyrgðar þriðja aðila. Ein tilkynning frá skattrannsóknarstjóra getur leitt til fleiri en eins kyrrsetningarmáls. Að uppfylltum lagaskilyrðum er hægt að beina kyrrsetningargerð bæði að gjaldanda og aðila sem ber sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu kröfunnar eða sektar skv. skattalögum. Á árinu fóru fram 68 kyrrsetningar. Samtals lét ríkisskattstjóri kyrrsetja eignir fyrir rúma 4,5 milljarða kr. á árinu.

Greiðsluáætlanir

Á árinu voru gerðar 14.869 greiðsluáætlanir við gjaldendur. Þar af voru 2.604 gerðar með sjálfsafgreiðslulausn á island.is. Í byrjun árs 2023 var aukið við sjálfsafgreiðslumöguleika á island.is þannig að lögaðilar geta nú gert greiðsluáætlanir í einföldum skuldamálum í sjálfsafgreiðslu. Flestar greiðsluáætlanir, 7.239 talsins, voru gerðar til

Greiðsluáætlanir

Fjöldi



að koma í veg fyrir að fjárnámsbeiðni væri send og næstflestar eða 4.868 voru gerðar um lækkun á launaafdrætti. Í gegnum greiðsluáætlanirnar við Skattinn komu samtals greiðslur frá einstaklingum um 2,6 milljarðar kr. og frá lögaðilum um 6,2 milljarðar kr.

Erlend innheimta

Beiðnir til Skattsins um aðstoð við innheimtu hjá erlendum skattyfirvöldum voru 94 talsins og upphæðin um 76 milljónir kr.

Erlend stjórnvöld greiddu 1,437 milljarða kr. til Íslands á árinu, þar af voru greiddar 1,408 milljarðar kr. vegna einnar tiltekinnar beiðni sem hefur verið til innheimtu á Ítalíu um margra ára skeið á grundvelli aðstoðarsamnings OECD í skattamálum. Beiðnir um aðstoð við innheimtu skatta og ofgreiddra barnabóta sem bárust lögfræðinnheimtu voru 105 talsins og nam heildarfjárhæð krafna 244 milljónum kr. Lögfræðinnheimta greiddi 79 milljónir kr. til erlendra stjórnvalda á árinu.


Vönduð ákvarðanataka og málsmeðferð lögfræðinnheimtu

Stefnt var að því að allar ákvarðanir ríkisskattstjóra í innheimtumálum væru efnislega staðfestar í kærumeðferð hjá viðeigandi stjórnvöldum, umboðsmanni Alþings, úrskurðarnefndum og fyrir dómstólum. Á árinu 2023 voru 12 úrskurðir til meðferðar hjá héraðsdómstólum og eitt dómsmál. Í tveimur úrskurðarmálum var fallið frá vörnum/kröfum og einn þeirra féll Skattinum í óhag. Dómsmálið féll Skattinum í óhag. Niðurstaðan í árslok var að ákvarðanir í innheimtunni voru staðfestar í 85% tilvika. Stefnt var að því að engar athugasemdir væru gerðar við málsmeðferð frá viðeigandi stjórnvöldum, umboðsmanni Alþingis og dómstólum. Það markmið náðist í öllum tilvikum.


Samræmingar- og eftirlitshlutverk ríkisskattstjóra

Tveir rafrænir fundir voru haldnir með innheimtumönnum ríkissjóðs á árinu. Sá fyrri var haldinn 21. mars og sá seinni þann 11. maí.

Innheimtuárangur 1. júlí vegna álagningarársins árið áður



Vanskilaaðgerðir



Skipti félaga vegna vanskila á ársreikningum

Á árinu fór ársreikningaskrá fram á skipti félaga á grundvelli 1. mgr. 121. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu ársreikningaskrár til að krefjast skipta á búi félags hafi ársreikningi eða samstæðureikningi ekki verið skilað innan sex mánaða frá því að frestur skv. 109. gr. er liðinn eða frá því að ársreikningaskrá hefur komist að þeirri niðurstöðu að skýringar eða upplýsingar með ársreikningi eða samstæðureikningi sem lagður hefur verið fram til opinberrar birtingar hafi ekki verið fullnægjandi.

Þann 2. nóvember 2023 fengu 190 félög bréf um fyrirhuguð skipti þar sem gefinn var fjögurra vikna frestur til að skila ársreikningi/ársreikningum eða eftir atvikum samstæðureikningi til ársreikningaskrár. Á fjögurra vikna frestinum brugðust 38 félög við og sinntu ársreikningaskilum. Þann 6. desember fengu 152 félög bréf með ákvörðun um að bú þeirra yrði tekið til skipta. Ákvarðanirnar voru sendar á lögheimili félaganna og sama dag voru sendar beiðnir um skipti á þeim til dómstóla um allt land. Á árinu voru fimm beiðnir afturkallaðar.

Í ljósi þess hversu seint beiðnir um skipti voru sendar dómstólum voru þær ekki teknar fyrir á árinu. Á árinu fékkst því hvorki reynsla af afdrifum þessara félaga né af samskiptum við skiptastjóra.

Greiðsludreifing staðgreiðslu og tryggingagjalds

Á árinu fengu 376 aðilar samþykkt 48 gjalddaga greiðsludreifingu á frestaðri staðgreiðslu og tryggingagjaldi samkvæmt lögum nr. 36/2021. Gjalddagar samkvæmt greiðsludreifingunni eru frá 1. júlí 2022 til og með 1. júní 2026. Greiðsludreifingin fellur niður ef aðili skuldar þrjá gjalddaga af greiðsludreifingu eða er úrskurðaður gjaldþrota. Skatturinn sendir beiðnir til Fjársýslunnar um niðurfellingu á greiðsludreifingunni þegar við á.

Skatturinn sendir tilkynningarbréf til þeirra sem skulda tvo gjalddaga af greiðsludreifingu þar sem viðkomandi er hvattur til uppgjörs á vanskilum svo ekki komi til niðurfellingar eftir eindaga þriðja gjalddagans. Móttaka tilkynningarbréfsins er ekki forsenda fyrir niðurfellingunni heldur er aðeins um áminningu að ræða. Á árinu voru send 78 tilkynningarbréf til 42 aðila og var greiðsludreifingin felld niður hjá 22 aðilum vegna vanskila.

Skatturinn fylgist með því hvort aðilar með greiðsludreifingu verði gjaldþrota og á árinu 2023 var greiðsludreifingin felld niður hjá tveimur aðilum vegna gjaldþrotaúrskurðar.

Fyrirtækja- og ársreikningaskrá

Skatturinn starfrækir fyrirtækjaskrá, þ.á m. hlutafélagaskrá, annast skráningu á atvinnustarfsemi og ýmis konar félagastarfsemi og veitir upplýsingar úr þeim skrá. Skatturinn sér einnig um starfrækslu ársreikningaskrár, söfnun ársreikninga og miðlun þeirra til almennings svo og eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Fyrirtækjaskrá

Skýlt er að skrá öll félög í atvinnurekstri hjá Skattinum en algengasta rekstrarformið er einkahlutafélag (ehf). Skráning einkahlutafélaga í fyrirtækjaskrá er að hluta til rafræn þannig að viðskiptavinir geta sjálfir með einföldum hætti framkvæmt ýmsar skráningar og breytingar á skráningum.


Skráning félaga

Í árslok voru rúmlega 88.600 fyrirtæki og félög skráð í fyrirtækjaskrá, sem er fjölgun frá fyrra ári þegar skráningarnar voru um 86.500 talsins. Á árinu voru 558 hlutafélög, 46.615 einkahlutafélög og 5.629 sameignar- og samlagsfélög á skrá. Auk þessa voru skráð tæplega 11.300 félagasamtök og rúmlega 12.500 húsfélög. Í árslok voru 15.862 einstaklingar skráðir með rekstur í eigin nafni. Þá voru á kerfiskennitöluskrá tæplega 8.200 aðilar sem eru aðallega erlend félög með bankaviðskipti hér á landi. Á árinu voru nýskráðir 6.104 aðilar í fyrirtækjaskrá, þar af 3.073 einkahlutafélög. Fjöldi félaga sem voru afskráð á grundvelli slita, gjaldþrota og samruna við önnur félög voru 4.426 talsins. Á árinu bárust 15.800 tilkynningar um breytingar á skráningu fyrirtækja og félagasamtaka.

Tilkynningar um samruna og skiptingar voru 206 og voru 196 félög afskráð í tengslum við samruna við önnur félög.

Fyrirtækjaskrá

Fjöldi og skipting fyrirtækja og félaga



Löggilding skilanefnda

Þegar félagi er slitið með þeim hætti að kjörin er skilanefnd ber henni að óska eftir löggildingu til starfars til fyrirtækjaskrár. Að uppfylltum skilyrðum laga er skilanefnd löggilt en 24 slíkar voru löggiltar á árinu.

Ákvarðanir fyrirtækjaskrár

Árlega koma upp mál sem tengjast deilum í félögum, andmælum við skráningu firmaheita eða synjun á skráningu vegna ýmissa félagaréttarlegra atriða. Fyrirtækjaskrá ákvarðar líka í málum um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og prókúruhafa. Á árinu var 33 málum, þar af 12 í hæfismálum, lokið með ákvörðun fyrirtækjaskrár. Til samanburðar voru ákvarðanir teknar í 31 máli árið á undan.

Ákvarðanir fyrirtækjaskrár eru kærانlegar til menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Undanþága frá innköllun vegna lækkunar hlutafjár

Hlutafélög og einkahlutafélög sækja til fyrirtækjaskrár um undanþágu frá innköllunar-skyldu vegna lækkunar á hlutafé. Á árinu veitti fyrirtækjaskrá 183 slíkar undanþágur en tilkynning um hlutafjárlækkun er send samhliða undanþágubeiðninni.

Skrá um raunverulega eigendur lögaðila

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra ber að halda utan um skráningu raunverulegra eigenda sbr. 2. gr. laga nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá. Aðilum er skylt skv. ákvæðum laga um skráningu raunverulegra eigenda að veita fyrirtækjaskrá upplýsingar um raunverulega eigendur við nýskráningu og er fyrirtækjaskrá óheimilt að nýskrá lögaðila nema þessar upplýsingar liggi fyrir.

Verði breyting á raunverulegum eiganda eða upplýsingum um hinn raunverulega eiganda ber að tilkynna það til fyrirtækjaskrár innan tveggja vikna frá því að breyting átti sér stað. Ef skráningarskyldur aðili fylgir ekki lögum eða reglugerðum settum á grundvelli laganna skal ríkisskattstjóri krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests. Ef skráningarskyldu er ekki sinnt eða úrbætur ekki gerðar á fyrirliggjandi skráningu ber fyrirtækjaskrá að leggja á félagið dagsektir.

Slit og skipti félaga sem ekki höfðu skráð raunverulega eigendur

Í byrjun árs tóku gildi lög nr. 139/2022, sem breyttu lögum um skráningu raunverulegra eigenda. Með lögunum var ríkisskattstjóra falið að koma fram slitum og skiptum á félögum sem ekki höfðu skráð raunverulega eigendur að undangenginni tiltekinni málsmeðferð. Fóru 1.174 félög í það ferli af þeim 1.180 félögum sem ekki höfðu skráð raunverulega eigendur í upphafi árs. Verkefnið var umfangsmikið og hafði mikil áhrif á starfsemi innheimtu- og skráasviðs á árinu.

Á grundvelli laganna var birt áskorun í Lögbirtingablaði til 1.174 félaga um að skrá raunverulega eigendur auk þess sem áskorun var send á lögheimili fyrirsvarsmanns og auglýsingar birtar í fjölmiðlum. Að liðnum fjögurra vikna fresti var ákvörðun tekin um að krefjast skipta á 878 félögum og var sú ákvörðun auglýst í Lögbirtingablaði og fengu félögin fjögurra vikna frest til að skrá raunverulega eigendur eða afskrá félagið áður en

krafa um slit eða skipti yrði send til dóms. Í kjölfar auglýsingarinnar var bankareikningum þessara félaga læst að kröfu Skattsins og sett athugasemd á vottorð félagsins í fyrir-tækjaskrá um að ríkisskattstjóri hefði tekið ákvörðun um að krefjast skipta á félaginu. Sú athugasemd birtist einnig þegar félaginu var flett upp á vef Skattsins.


Á grundvelli upplýsinga um eigna- og skuldastöðu félaganna fór fram umfangsmikil greining á hvort félögin færu í skipta- eða slitameðferð. Sendar voru 790 kröfur um slit eða skipti til héraðsdómstóla um allt land vegna félaga sem ekki höfðu skráð raun-verulega eigendur (164 kröfur um skipti og 626 kröfur um slit). Flestar kröfur um slit og skipti, eða um 71% krafna, voru sendar vegna félaga sem voru ekki í rekstri, t.d. félaga-samtaka og áhugamannafélaga. Fyrstu dómsúrskurðir um slit og skipti voru kveðnir upp í maí og voru flest málin tekin fyrir um sumarið hjá dómstólum um allt land. Eignir 450 félaga sem tekin voru til slita runnu í ríkissjóð og annaðist Skatturinn móttöku þeirra fjármuna og færði til bókhalds. Mikil samskipti voru einnig við skiptastjóra, bæði meðan á skiptum stóð og við frágang og uppgjör við skiptalok.

Verkefnið gekk mjög vel og í lok árs höfðu 6 félög ekki sinnt skráningarskyldu sinni eða 0,01% skráningarskyldra (62.849 félög höfðu sinnt skráningarskyldu sinni eða verið afskráð eða 99.99%). Af þeim 1.174 félögum sem upphaflega fóru í slita- og skiptaferli á grundvelli laganna voru 740 félög tekin til slita eða skipta fyrir dómi á grundvelli lag-anna. Þá voru nokkur þessara félaga tekin til gjaldþrotaskipta. Áætlað er að verkefninu ljúki í lok árs 2024.

Rafræn fyrirtækjaskrá

Staða rafrænnar fyrirtækjaskrár er óbreytt frá fyrri árum en um áramótin 2022/2023 varð sú breyting að hægt var að senda tilkynningar um raunverulega eigendur nýskráðra félaga rafrænt samhliða tilkynningu um stofnun félaga. Fyrirtækjaskrá móttækur á hverjum degi fjöldann allan af tilkynningum sem eru undirritaðar með rafrænum hætti en fara ekki í gegnum rafræna fyrirtækjaskrá heldur eru sendar til fyrirtækjaskrár með tölvupósti. Slíkar tilkynningar fara í ákveðið ferli og taka jafnan langan tíma í yfirferð og skráningu, rétt eins og tilkynningar sem eru móttæknar á pappír. Einnig felst töluverð vinna og ut anumhald í því að gera skjölin opinber og aðgengileg í fyrirtækjaskrá. Vinna þarf markvisst að því að koma sem flestum tilkynningum í gegnum rafræna fyrirtækja-skrá til þess að einfalda vinnu við skráningar.

Nýskráð og afskráð fyrirtæki



Upplýsingaskylda lögaðila samkvæmt jarðalögum

Lögaðilum sem uppfylla nánar tiltekin skilyrði skv. 10. gr. b jarðalaga, nr. 81/2004 ber að tilkynna Skattinum um beint og óbeint eignarhald, raunverulega eigendur og eftir atvikum stjórnarmenn og aðra stjórnendur fyrir 1. febrúar ár hvert. 27 félög falla undir þetta ákvæði og voru þeim send ábendingarbréf með upplýsingum um þessa skyldu ásamt leiðbeiningum um hvernig þau gætu fullnægt skyldunni. Hafi félagið áður greint frá upplýsingaskyldum atriðum með fullnægjandi hætti, er félaginu heimilt að skila inn yfirlýsingu þess efnis að engar breytingar hafi átt sér stað frá síðustu skilum, með vísan til áður innsendra upplýsinga og gagna.

Almannaheillafélagaskrá

Á árinu 2021 tóku gildi lög um almannaheillafélög nr. 110/2021. Félög til almannaheilla sem starfa samkvæmt þeim teljast þau félög sem stofnað er til eða starfrækt eru í þeim tilgangi að efla afmörkuð málefni til almannaheilla samkvæmt samþykktum sínum.

Skráning félags til almannaheilla í almannaheillafélagaskrá er valkvæð og er ætluð þeim félögum þar sem stærð, umfang eða eðli starfseminnar felur í sér skyldur og réttindi sem kveðið er á um í lögnum.

Fyrir félög sem starfa að almannaheillum getur verið til hagsbóta að vera skráð á almannaheillafélagaskrá því um þau gildir heildarlöggjöf og þar með er skotið traustari stoðum undir starfsemi þeirra. Einnig geta ríki, sveitarfélög og opinberir aðilar gert það að skilyrði fyrir styrkjum til þeirra o.fl. að þau séu skráð í almannaheillafélagaskrá.

Í árslok voru 57 almannaheillafélög skráð í fyrirtækjaskrá.

Fyrirtækjaskrá sér einnig um skráningu almannaheillafélaga sem eru með starfsemi yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019 og eru þau skráningarskyld, ólíkt þeim almannaheillafélögum sem fjallað er um hér á undan. Í árslok 2023 voru 50 félög skráð í þeirri skrá.

Stjórnmalasamtakaskrá

Á árinu 2021 var lögum nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka breytt og starfrækir Skatturinn nú sérstaka stjórnmalasamtakaskrá. Sá liður í lögnum sem fjallar um skráningu stjórnmalasamtaka tók gildi um áramót 2021/2022 en aðrar breytingar um mitt ár 2021.

Skráning stjórnmalasamtaka í stjórnmalasamtakaskrá er valkvæð en skilyrði fyrir skráningu er að tilgangur samtakanna sé að bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarfélaga. Stjórnmalasamtök sem þegar voru skráð í fyrirtækjaskrá við breytingu laganna geta að uppfylltum skilyrðum farið fram á að samtökin verði skráð í stjórnmalasamtakaskrá.

Í árslok voru 21 aðili á stjórnmalasamtakaskrá.

Ársreikningaskrá

Ársreikningaskrá er miðlæg landskrá sem tekjur á móti, varðveitir og veitir aðgang að árs- og samstæðureikningum félaga í atvinnurekstri ásamt því að hafa eftirlit með að reikningarnir uppfylli ákvæði laga, reglugerða og settra reikningsskilareglna. Ársreikningaskrá fer jafnframt með eftirlit með árs- og samstæðureikningum útgefenda í kauphöll í samstarfi við Verðbréfaeftirlit Evrópu.

Skil á ársreikningum

Alls voru 46.462 félög skilaskyld til ársreikningaskrár fyrir reikningsárið sem lauk 31. desember 2022 sem er um 4,1% aukning frá árinu þar á undan.


Ársreikningalög kveða á um að félag, sem fellur undir gildissvið laganna, skuli skila ársreikningi innan mánaðar frá því að ársreikningur var staðfestur á aðalfundi, þó ekki síðar en átta mánuðum frá lokum reikningsárs. Alls höfðu um 23.400 félög skilað ársreikningi til opinberrar birtingar fyrir lok ágúst 2023 en þá rann út frestur til að halda aðalfund og skila ársreikningi vegna reikningsársins 2022. Fyrir árslok 2023 höfðu um 42.500 félög skilað ársreikningi eða 91,5% af skilaskyldum félögum. Af þeim félögum sem ekki höfðu skilað ársreikningi til opinberrar birtingar í árslok 2023 voru 2.318 félög ýmist í skiptameðferð eða höfðu verið afskráð eða sem nemur 5,2% félaga.

Þrjú af hverjum fimm félögum nýttu sér rafræna lausn til að skila inn „Hnappsreikningi“ sem er einfalt form af ársreikningi sem byggir á upplýsingum úr innsendu skattframtali félagsins.

Við eftirlit með því hvort að framsetning og innihald ársreikninga væri í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og settra reikningsskilareglna kom í ljós að of stór hluti félaga virðir ekki einföld atriði, svo sem að skýrsla stjórnar sé í samræmi við ákvæði laga, skylduna til að láta endurskoða ársreikning ef svo er skylt, beitingu hlutdeildaraðferðar, upplýsingar um leigusamninga og að skýringar séu fullnægjandi.

Ársreikningar

Fjöldi og hlutfall sem skiluðu ársreikningi





Tímabær skil á ársreikningum og samstæðureikningum er lykilatriði í að auka gagnsæi og traust fjárfesta og lánveitenda á íslenskum fjármálamarkaði.

Stjórnvaldssektir vegna vanskila á skilum ársreiknings

Ársreikningaskrá lagði stjórnvaldssekt að fjárhæð 600 þús. kr. á 4.037 félög á árinu vegna of seinna skila á ársreikningum reikningsársins sem lauk 31. desember 2022. Alls skiluðu 1.817 félög ársreikningi innan 30 daga frá því að sektin var lögð á og fengu því 90% lækkun á sektarfjárhæð, 262 félög skiluðu innan tveggja mánaða og fengu 60% lækkun og 73 félög skiluðu innan þriggja mánaða og fengu 40% lækkun á sektarfjárhæð. Sektir voru felldar niður hjá 89 félögum sem féllu ekki undir gildissvið ársreikningalaga.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 121. gr. ársreikningalaga skal ársreikningaskrá krefjast skipta á félögum sem ekki hafa skilað ársreikningi innan sex mánaða frá því að lokafrestur til að skila ársreikningi rann út. Á árinu fengu 190 félög tilkynningu þar sem þeim var gefinn fjögurra vikna frestur til að skila ársreikningi/um til ársreikningaskrár ellegar yrði krafist skipta á búi viðkomandi félaga. Alls brugðust 38 félög við og skiluðu fullnægjandi ársreikningum en send var krafa um skipti á búum u.þ.b. 150 félaga til héraðsdómstóla. Á árinu voru fimm beiðnir afturkallaðar en héraðsdómstólar tóku málin fyrir á fyrri hluta ársins 2024.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Í árslok 2022 beittu 173 félög alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings eða samstæðureiknings. Þar af voru 49 félög útgefendur í kauphöll, en eftirlit með reikningum félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er unnið í samráði við Verðbréfaeftirlit Evrópu.

Alþjóðlegt samstarf

Skatt- og tollframkvæmd hefur í eðli sínu veigamikla alþjóðlega snertifleti og því er samstarf við önnur ríki og alþjóðastofnanir lykilþáttur í starfseminni. Sérfræðingar Skattsins taka virkan þátt í margvíslegri fjölþjóðlegri samvinnu, sinna jafningjarýni og leggja sitt af mörkum fyrir Íslands hönd við gerð alþjóðasamninga á málefnasviði stofnunarinnar.

Norrænt samstarf

Skatturinn tekur virkan þátt í samstarfi bæði skatt- og tollfirvalda á Norðurlöndunum, Nordic Agenda og Norræna tollasamvinnuráðinu (NTR). Góð tengsl eru á milli stjórnenda sem koma saman árlega og leggja línur fyrir starfið á komandi vetri. Á vettvangi NTR hafa orðið víðtækar breytingar á skipulagi samstarfsins, sem spannar allt frá fræðslumálum til tæknibúnaðar og upplýsingagreininga, og var starfað eftir nýju fyrirkomulagi í fyrsta sinn á árinu. Í Nordic Agenda samstarfi skattyfirvalda var samþykkt ný stefna til þriggja ára með áherslu á stafræna umbreytingu, aðgerðir gegn skattsvikum og skattlagningar hins stafræna hagkerfis. Þá var skrifað undir sameiginlega viljayfirlýsingu norrænu skattyfirvaldanna um nánara samstarf við framkvæmd alþjóðlegra upplýsingaskipta á grundvelli alþjóðasamninga.

Alþjóðatollastofnunin

Samstarf innan vébanda Alþjóðatollastofnunarinnar (WCO) er mikilvæg stoð í alþjóðlegu samstarfi tollgæslunnar. Í samstarfi á vettvangi WCO er fylgst með stefnum og straumum sem varða tollgæslu- og tollskrármál og hagsmunagæslu vegna íslensks efnahagslífs sinnt. Þá hefur Skatturinn lagt lóð á vogarskálar varðandi þverlæg áherslumál íslenskra stjórnvalda, s.s. jafnrétti, fjölbreytileika, sjálfbærni og þekkingaruppbyggingu. Fulltrúi Skattsins lauk á árinu þriðja og síðasta formennskuári sínu í Þekkingaruppbyggingarnefnd WCO þar sem fjallað er um framangreind málefni og önnur þeim tengd.

RILO WE

Við tollframkvæmd nýtur skatturinn góðs af starfi tengslaskrifstofu fyrir vestanverða Evrópu vegna upplýsingagreininga (RILO WE). Skatturinn er aðili að samstarfi Norðurlandanna um útsenda starfsmenn til skrifstofunnar og átti á árinu fulltrúa hjá RILO WE í Köln.

EFTA

Fulltrúi Skattsins fór með formennsku í nefnd EFTA um viðskiptaliprun (Committee on Trade Facilitation) á árinu auk þess sem fulltrúar Skattsins tóku þátt í viðræðum um gerð fríverslunarsamninga við m.a. Tæland og Indland.

OECD

Hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) fer fram stefnumarkandi samstarf um þróun alþjóðlega skattkerfisins og þar fylgjast fulltrúar Skattsins með málum eftir því sem við á. Þar er jafnframt starfræktur sérstakur vettvangur fyrir skattyfirvöld OECD-ríkjanna og annarra þróaðra ríkja, Forum on Tax Administration (FTA), þar sem fjölbreytt verkefni eru unnin. Skatturinn tók á árinu þátt í FTA-vinnu sem snerti innheimtumál, greiningu á skattagapinu, traust til skattyfirvalda, mannauðsmál, og stafræna umbreytingu.

Nordic Smart Government & Business

Meginmarkmið norræna samstarfsverkefnisins Nordic Smart Government & Business er að gera viðskiptagögn aðgengileg fyrirtækjum og stofnunum á sjálfvirkan, snjallan og öruggan hátt í rauntíma svo þau nýtist til nýsköpunar og vaxtar. Þátttakendur eru m.a. skattyfirvöld og fyrirtækjaskrár á Norðurlöndunum og á árinu var unnið að fjórða og síðasta áfanga þessa verkefnis sem lýkur 2024. Lögð var áhersla á undirbúningsvinnu við að gera vefþjónustum kleift að miðla grunnupplýsingum fyrirtækjaskráa milli Norðurlandanna á véllæsilegu sniði auk tilrauna með stafræn skil á upplýsingum um virðisaukaskattsskyld viðskipti til skattyfirvalda.

Tollgæsla

Hlutverk Skattsins á sviði tollamála er skilgreint í 40. gr. tollalaga nr. 88/2005. Tollgæsla Íslands fer með framkvæmd tollalaga og ber m.a. að viðhafa eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum sem og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu.

Tollgæsla


Grunnstoðir í eftirliti tollgæslu lúta annars vegar að ólögmætum inn- og útflutningi vöru sem getur haft í för með sér hættu fyrir öryggi, umhverfi og heilsu almennings og hins vegar að rétttri álagningu inn- og útflutningsgjalda ásamt álagningu skilagjalds á innlenda framleiðslu, vörugjalds á innlenda framleiðslu ökutækja auk ýmissa tegunda eldsneytisskatta.

Á árinu voru alls tollafgreiddar 1.907.038 innflutningsskýrslur í gegnum tollakerfi Skattsins og tollafgreiðslukerfi Íslandspósts. Árið 2022 var fjöldi innflutningsskýrsla 1.841.859 sem jafngildir 3,5% aukningu milli ára. Fjöldi útflutningsskýrsla á árinu var alls 144.507 sem er 2,9% samdráttur frá árinu á undan. Af innflutningsskýrslum sem fóru í gegnum tollakerfið voru 99,98% rafrænar. Hvað varðar útflutning var hlutfall rafrænna skýrsla annað árið í röð 100%.

Undanfarinn áratug hefur verið mikil aukning í komu farþega til landsins. Aukið farþegaflæði er einkum til komið vegna mikils vaxtar í ferðaþjónustu. Meginþorri farþega kemur í gegnum flugstöðina í Keflavík en nokkurt flæði er einnig í gegnum höfnina á Seyðisfirði með vikulegum komum ferjunnar Norrænu til landsins. Ef horft er til komu-, brottfarar- og tengifarþega um millilandaflugvelli þá voru þeir um 7,8 milljónir, samanborið við 6,2 milljónir árið á undan. Þar af voru komu- og brottfararfarþegar 5,7 milljónir og tengifarþegar 2,1 milljónir. Komum flugvéla fjölgaði úr tæplega 28 þúsund í tæplega 33


Rannsókn Tollgæslu

Fjöldi og tegund mála




Sektargerðir

Fjöldi og fjárhæð



Gjaldfærð gjöld við innflutning

Milljarðar króna



þúsund. Um 4,7% aukning var á skipakomum til landsins á milli ára. Árið 2023 voru alls 1.990 skráðar skipakomur til landsins samanborið við 1.900 árið áður.


Á árinu voru gjaldfærðir um 332 milljarðar kr. við innflutning vöru til landsins, þar af rúmlega 275 milljarðar kr. í virðisaukaskatt og 4,2 milljarðar kr. í tolla. Vörugjöld líkt og eldsneytisgjöld, áfengisgjöld og vörugjald af ökutækjum námu 46,9 milljörðum kr. Olíugjald er ekki reiknað með í fjárhæð innflutningsgjalda þar sem álagningu gjaldsins var frestað. Við innflutning eru lögð á öll önnur eldsneytisgjöld (almennt og sérstakt vörugjald á bensín, kolefnisgjöld og flutningsjöfnunargjöld). Þá voru umhverfisgjöld (úrvinnslu- og skilagjöld) og eftirlitsgjald rúmlega 5,5 milljarðar kr.

Athyglisvert er að innflutningsgjöld standa nánast í stað á milli árána 2022 og 2023 eftir tæplega 29% hækkun á milli árána 2021 og 2022. Þegar tímabilið 2021 til 2023 er skoðað má sjá að innflutningsgjöld hafa hækkað um 126,8 milljarða kr. eða sem nemur 61,8%. Á sama tímabili fjölgaði innflutningsskýrslum um 413 þúsund eða sem nemur um 27,6% af heildarfjölda.

Tollgæsla Íslands beitir þeim valdheimildum sem hún hefur til eftirlits og reynir að upplýsa um möguleg brot gegn tollalögum sem og öðrum lögum. Við eftirlit geta komið upp brot og er misjafnt hvernig þau eru meðhöndluð. Tollverðir hafa tollgæsluvald og geta,


Inn- og útflutningur

Fjöldi tollskýrslna



Endurskoðun gjalda vegna innflutnings

Milljónir króna



að vissum skilyrðum uppfylltum, lokið minni háttar brotum á vettvangi með sektargerð. Önnur brot sem koma upp við eftirlit eru meðhöndluð af rannsóknardeild tollgæslustjóra að undanskildum þeim málum sem er vísað beint af vettvangi til lögregluembætta landsins.


Rannsóknardeild lauk 624 málum á árinu. Fjöldi þeirra mála sem var lokið með kæru til lögreglu voru 118. Á árinu var lögð áhersla á að ná niður fjölda mála og samhliða því, að áfram væri lögð áhersla á stærstu og þyngstu málín. Tókst að mestu að ná þessu markmiði þar sem málum fækkaði umtalsvert og einnig tókst að vinna niður málhalla frá fyrri árum.

Tollendurskoðun felur í sér hvers konar könnun á réttmæti upplýsinga sem fram koma í tollskýrslum og öðrum gögnum sem álagning gjalda byggist á. Megináherslan er á forsendur fyrir útreikningi gjalda, þ.e. á tollverð, þyngd, magn, verð vöru, tollflokkun og uppruna vöru. Endurskoðun getur leitt til hækkunar eða lækkunar á gjöldum. Árið 2023 var fjárhæð endurákvarðana til hækkunar 108,3 milljónir kr. samanborið við 695,5 milljónir kr. árið áður.

Tollgæslan leggur árlega hald á mikið magn varnings sem fluttur er ólöglega til landsins. Um er að ræða fíkniefni, áfengi, tóbak og vopn, en einnig falsaðan varning, matvæli o.fl. Á árinu var talsverð aukning í haldlagningu á kókaíni og maríjúana. Lagt var hald á 45,9 kg af kókaíni samanborið við 37,1 kg árið 2022. Einnig var lagt hald á 127,0 kg af maríjúana samanborið við 59,3 kg árið á undan og 173,4 kg af hassi. Þá lagði tollgæslan einnig hald á 3,1 kg af amfetamíni og 1,4 kg af metamfetamíni.


Haldlögð vopn

Fjöldi




Haldlagt áfengi

Rúmmál í lítrum




Haldlögð fíkniefni

Þyngd í gr.



Haldlagt tóbak

Þyngd og fjöldi





Á árinu tók tollgæslan þátt í sex alþjóðlegum tollgæsluaðgerðum. Fyrst ber að nefna lyfjaaðgerðina Operation Shield IV á vegum Europol, en aðgerðin stóð yfir í sjö mánuði. Hér á landi lagði tollgæslan hald á tæplega 16 þúsund töflur, þar á meðal voru tæplega 11 þúsund töflur fíknilyf. Jafnframt tók tollgæslan þátt í tveimur skemmri lyfjaaðgerðum á vegum Interpol og WCO. Í þeim aðgerðum kom upp töluverður fjöldi smærri mála hér á landi þar sem m.a. var lagt hald á steratengd og róandi efni sem höfðu verið keypt á netinu og bærust til landsins með póst- og hraðsendingum. Af öðrum aðgerðum má nefna Operation Opson XII á vegum Europol sem beindist að ólöglegum matvælum og að auki Operation Demeter IX aðgerðina um ólöglegan flutning á úrgangi og ósoneyðandi efnum yfir landamæri, sem skipulögð var af WCO og kínverska tollinum. Að lokum tók tollgæslan þátt í aðgerðinni Operation Zodiac á vegum INCB, en aðgerðin beindist sérstaklega að bensódíasefín-lyfjum.

Ársreikningur 2023

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skatturinn starfar samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, tollalögum nr. 88/2005, lögum nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda, lögum nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, sem og öðrum lögum og reglugerðum er varða starfsemi Skattsins í heild eða einstaka þætti hans.

Skatturinn er framsækin þjónustustofnun sem leggur grunn að samfélagslegri þjónustu með því að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Skatturinn hefur með höndum skatt- og tollframkvæmd, sinnir skatteftirliti, skattrannsóknum og tollgæslu. Skatturinn annast álagningu skatta, tolla og annarra gjalda auk þess að viðhafa eftirlit með réttmæti skattskila. Þá sinnir stofnunin innheimtu opinberra gjalda fyrir ríki og sveitarfélög í stjórn-sýsluumdæmi Reykjavíkur.

Auk þess að tryggja ríkissjóði tekjur þá gegnir Skatturinn margþættu tollgæsluhlutverki á landamærum og veitir samfélaginu vernd gegn ólögmætum inn- og útflutningi vöru. Ennfremur viðheldur stofnunin fjölda skráa sem skipta sköpum fyrir gagnsæi og samkeppnissjónarmið í viðskiptalífínu, s.s. fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 9.064,7 milljónir og afkoma kr. -420,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 331,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3.789,5 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit okkar að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og sviðsstjóri fjármálasviðs staðfesta hér með ársreikning Skattsins fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Snorri Olsen
ríkisskattstjóri

Ásgeir Heimir Guðmundsson
sviðsstjóri fjármálasviðs

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	2023	2022
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga	8.173.500.000	8.011.400.000
Seld þjónusta	692.736.731	581.953.695
Framlög og ýmsar tekjur	31.255.531	6.248.990
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	84.366	137.677
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	167.163.949	128.366.309
Tekjur samtals	<u>9.064.740.577</u>	<u>8.728.106.671</u>
Gjöld		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6.579.530.669	6.183.268.329
Annar rekstrarkostnaður	2.738.864.087	2.437.453.003
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	26.086	11.520
Afskriftir og niðurfærslur	167.163.949	128.366.309
Gjöld samtals	<u>9.485.584.791</u>	<u>8.749.099.161</u>
Afkoma ársins	(420.844.214)	(20.992.490)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum		
Rekstur	(420.844.214)	(22.392.490)
Rekstrartilfærslur	0	1.400.000
	<u>(420.844.214)</u>	<u>(20.992.490)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	31.12.2023	31.12.2022
Eignir		
Handbært fé	612.060.598	271.642.156
Viðskiptakröfur	118.279.110	61.005.726
Tengdir aðilar	2.393.658.490	3.191.932.308
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	54.084	97.880
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	596.490.461	334.676.480
Óefnislegar eignir	68.953.919	100.288.167
Eignir samtals	<u>3.789.496.662</u>	<u>3.959.642.717</u>

Skuldir

Hrein eign	1.078.288.953	1.019.543.520
Tengdir aðilar	144.513.572	475.614.093
Viðskiptaskuldir	1.601.135.080	1.124.197.208
Ýmsar skammtímaskuldir	633.747.717	587.632.342
Skuldir samtals	<u>3.457.685.322</u>	<u>3.206.987.163</u>
Eignir að frádregnum skuldum samtals	331.811.340	752.655.554

Eigið fé

Hrein eign	331.811.340	752.655.554
Eigið fé samtals	<u>331.811.340</u>	<u>752.655.554</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>3.789.496.662</u>	<u>3.959.642.717</u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	2023	2022
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins	(420.844.214)	(20.992.490)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	167.163.949	128.366.309
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	(167.163.949)	(128.366.309)
	<u>(420.844.214)</u>	<u>(20.992.490)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur	(57.229.588)	(19.082.956)
Tengdir aðilar	672.654.893	207.586.981
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	145.837.351	(122.922.663)
	<u>761.262.656</u>	<u>65.581.362</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>340.418.442</u>	<u>44.588.872</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Kaupverð óefnislegra eigna	(1.958.490)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	(397.270.868)	(133.037.089)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	3.465.000	9.310.005
	<u>(395.764.358)</u>	<u>(123.727.084)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Tengdir aðilar	184.364.358	48.527.084
Fjárfestingaframlag	211.400.000	75.200.000
	<u>395.764.358</u>	<u>123.727.084</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	340.418.442	44.588.872
Handbært fé í byrjun árs	271.642.156	227.053.284
Handbært fé í árslok	<u>612.060.598</u>	<u>271.642.156</u>

